

Stjórnarfundur HRFÍ 7. febrúar 2022 Haldinn kl. 16:30, Síðumúla 15

Mættir: Daníel Örn Hinriksson, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Helga Kolbeinsdóttir, Marianna Gunnarsdóttir, Anna Guðjónsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir, og Guðný Ísaksen, framkvæmdastjóri.

Fundur með stjórn Ungmennadeildar

Stjórn Ungmennadeildar óskaði eftir fundi með stjórn félagsins til að ræða framtíð deildarinnar og fyrirkomulag æskulyósstarfs félagsins.

NKU fundur 1. febrúar 2022, úrskurður dómstóla gegn NKK

Formaður og framkvæmdastjóri tóku þátt í fjarfundi NKU þar sem ræddur var úrskurður dómstóla í Noregi, dýraverndurnarsamtök gegn NKK þar sem krafist var stöðvunar skipulagðrar ræktunar á tveimur hundakynjum, Cavalier King Charles Spaniel og English Bulldog. Rædd voru viðbrögð klubbanna og NKU og er ljóst að þetta verður meginatriði fundarins í Reykjavík í næsta mánuði. Stjórn Cavalierdeildar hefur óskað eftir fundi með stjórn félagsins í ljósi fregna eftir ársfund deildarinnar

Undanþága á kröfu um augnvottorð.

Stjórn barst erindi frá ræktanda þar sem óskað var eftir undanþágu frá augnskoðun. Stjórn féllst ekki á röksemdir ræktanda fyrir að mæta ekki í augnskoðun með tíkina og ekki ástæða til að veita sérstaka undanþágu.

Spring World Kurzhaar Championship 2022-CroaTa

Tölvupóstur barst stjórn 31/1 2022 þess efnis að Bergþór Antonsson hefði áhuga á að keppa með Fjallatinda Stíg á mótinu. Bergþór mun þá sjálfur standa undir kostnaði. Erindið barst þó frá Guðna Stefánssyni. Stjórn samþykkir beiðnina en vill þó leggja áherslu á að fyrirspurnir sem þessar þurfa að berast í tíma í framtíðinni.

Erindi frá stjórn Grefil- og sporhundadeildar tölvupóstur 1/2 2022.

Erindi barst stjórn þar sem óskað var eftir að niðurstöður heyrnamælinga eða baer próf verði færð í gagnagrunn félagsins líkt og augnskoðanir og hnéskeljavottorð. Stjórn er samþykk þessu en kerfið mun bjóða uppá slíka gagnavörslu en ekki að svo stöddu.

Varðandi umsókn um meistaratitil

Erindi barst stjórn vegna aðgerðarleysis eiganda að sækja um meistaratitil fyrir hund sinn, sem hefur náð aldri og vel umfram þann fjölda stiga sem þarf til að vera meistari. Kemur þetta í veg fyrir að aðrir rakkar af sömu tegund geti safnað stigum. Stjórn vísaði erindinu til sýningarstjórnar til umsagnar.

Óskað eftir tölvukerfi fyrir Retrieverdeild

Erindi barst frá Retriever deild þar sem óskað er eftir öflugum tölvukerfi til að halda utanum veiðiárangur á veiðiprófi.

Önnur mál

Skráning á sýningu í nýjum gagnagrunn

Í fyrsta sinn var skráning á sýningu gegnum www.hundavefur.is . Þrátt fyrir nokkra hnökra gekk skráningin vel.